

Flataskóli

Í Flataskóla eru 491 nemandi í 1. – 7. bekk og 42 nemendur í 4ra og 5 ára deild.

Fjöldi starfsmanna við skólann 81 þar af eru fjórar í barneignaleyfi.

Fjöldi starfsmanna sem starfa við kennslu eru 39 (+ tvær sem eru í leyfi).

Fjöldi starfsmanna sem hefur réttindi til að starfa sem kennarar 42 að meðtöldum þeim tveimur sem eru í leyfi.

Tvær starfa hér sem leiðbeinendur, eru með réttindi til að kenna í framhaldsskóla, en ekki grunnskólaréttindi.

Önnur er að hætta og í hennar stað kemur grunnskólakennari.

Flataskóli er skóli sem byggir á mikilli reynslu og hæfu starfsfólki. Mikil áhersla er lögð á skólabrag sem einkennist af festu, vingjarnleik og sanngirni. Skólinn reynir ávallt að mæta nemendum sínum með námi við hæfi hvers og eins. Kennarar vinna eins og hægt er að því að bjóða nemendum upp á framúrskarandi góða menntun. Reynt er að hafa kennsluaðferðir fjölbreyttar og mikil áhersla er á hreyfingu og hvers kyns útivist. Einnig er mikil áhersla lögð á lífsleikni og framkomu. Skólinn er umhverfisvænn og er nú einn af fyrstu skólum Íslands sem vinnur að því að geta kallast réttindaskóli UNICEF.